

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Norðurland 26.03.2023

***Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022
(makamissir), mál nr. 315.***

Þann 13. október síðastliðinn var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi. Undirrituð fagna því að frumvarpið sé komið fram og verði það að lögum er stigið mikilvægt skref til að styðja við sorgarúrvinnslu fjölskyldna þar sem annað foreldri deyr.

Í greingargerð frumvarpsins koma fram upplýsingar um fjölda barna sem misstu foreldri á árunum 2009-2018, alls 1007 börn. Í ræðu Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur þingmanns sem fylgdi frumvarpinu úr hlaði á Alþingi þann 9. mars síðastliðinn fer hún vel yfir áhrif þess að einstaklingur missir maka og að börn missi foreldri. Jafnframt er góð yfirferð um fjölbreytileika fjölskyldna með tilliti til forsjáraðila sem ekki eru blóðforeldrar barna. Hvort tveggja sýnir ágætan skilning á aðstæðum þessara fjölskyldna. Við teljum þó að frumvarpið megi bæta til að koma enn betur til móts við þarfir þeirra sem missa maka og eftirlifandi börn þeirra og viljum því koma á framfæri eftirfarandi ábendingum til úrbóta.

Börn sem búa ekki á heimili hins látna eða eru ófædd við andlát

Okkur virðist tveir hópar barna geta orðið útundan ef frumvarpið verður að lögum án breytinga. Í íslensku nútímasamfélagi eru skilnaðir algengir. Tvær úr okkar hópi búa að þeirri reynslu að hafa misst maka sem átti barn/börn af fyrra sambandi sem ekki bjuggu á heimili hins látna við andlát. Frumvarpið, greinagerð þess virðist ekki gera ráð fyrir því að eftirlifandi foreldri barns/barna sem ekki býr/búa á heimili þess sem deyr geti tekið sorgarleyfi til að vinna með barninu að úrvinnslu sorgar þess. Þannig gagnast lagabreytingin fyrst og fremst sambúðarmaka og þeim börnum sem búa á heimili hins látna. Þá er jafnframt rétt að benda á að í frumvarpinu þyrfti að huga að stöðu barna sem koma í heiminn eftir að foreldri deyr. Tryggja þarf með óyggjandi hætti að sorgarleyfi vegna maka-/foreldramissis nái til þeirra.

Lengd sorgarleyfis

Ekki er gert ráð fyrir að eftirfarandi setning úr 7. gr. laga um sorgarleyfi breytist: *Réttur til sorgarleyfis skv. 1. mgr. stofnast þann dag sem foreldri verður fyrir barnsmissi og fellur niður 24 mánuðum síðar.* Undirrituð vilja benda á að sorg barna og úrvinnsla sorgar sem þau verða fyrir er með allt öðrum hætti en sorg fullorðinna og alls ekki línulegt ferli sem hefur upphaf og endi innan tiltekins tíma eins og t.d. fæðingarorlof. Við leggjum alla áherslu á að 6 mánaða sveigjanlegt sorgarorlof falli ekki niður að 24 mánuðum liðnum frá andláti, heldur sé til staðar þar til börn hafa náð 18 ára aldri.

Reynsla okkar er sú að það eru ekki endilega fyrstu 3, 6 eða 24 mánuðir eftir að barn missir foreldri sem reynast fjölskyldum erfiðastir heldur tímabil þar sem börnin eru að öðlast nýjan vitsmunaproska og máta sína fyrir reynslu við hann. Þá endurupplifa þau sorgina og þurfa stuðning eftirlifandi foreldris til að vinna úr henni. Þessi tímabil valda álagi á börnin og foreldrana og utanaðkomandi aðstoð getur

verið nauðsynleg á meðan unnið er úr sorginni enn á ný. Svigrúm til sorgarleyfis vegna makamissis þar sem börn eru til staðar þyrfti því að vera rýmra og miðast við aldur barnanna, þ.e. að 6 mánaða leyfið sé hægt að nýta allt þar til þau ná 18 ára aldri.

Fjöldi barna og afturvirkni laganna

Frumvarpið mun taka gildi þegar það hefur verið samþykkt eins og algengt er með lög er ekki gert ráð fyrir að þessi lög verði afturvirk heldur aðeins að þau nái til þeirra sem missa maka eftir gildistöku. Við viljum leggja til að lögin nái yfir alla þá sem hafa misst maka/barnsföður/barnsmóður síðastliðin 18 ár og eiga börn undir 18 ára aldri.

Þetta teljum við mikilvægt í ljósi okkar reynslu og þekkingar á þróun sorgar barna og svo samfélagið missi ekki af því að styðja við börn sem eiga erfitt vegna missis foreldris á réttum forsendum og til að koma í veg fyrir að sorg þessara barna þróist yfir í veikindi af sálrænum eða líkamlegum toga.

Þau okkar sem misst hafa maka frá börnunum okkar, þekkjum öll og höfum upplifað tímabil með börnunum okkar sem nú eru á aldrinum 9-14 ára, þar sem þau ganga í gegnum sorgina sína aftur og aftur vegna foreldramissins. Gildir einu hversu langur tími er liðinn, eitt ár eða 10 eða allt þar á milli.

Horfa mætti til eftirfarandi:

0-6 ára börn (2023-2017)	Allt að 6 mán. til 18 ára aldurs barnanna
7-12 ára börn (2009-2016)	Allt að 4 mán. til 18 ára aldurs barnanna
13-18 ára (fædd 2005-2010)	Allt að 2 mán. til 18 ára aldurs barnanna

Það er um 6-8 ára aldur sem börn byrja að öðlast skilning á því hversu endanlegur dauðinn er. Því fylgir óhjákvæmilega að „plásturinn“ er rifinn af og græða þarf sárin á nýjan leik. Álag á fjölskyldur á þeim tímum er síst minna en við maka-/foreldramissinn sjálfan. Það geta verið liðin meira en tvö ár frá maka-/foreldramissi þegar barnið gengur í gegnum þessi þroskaskref og miðað við framlagt frumvarp væri þá enginn heimild til að taka sorgarleyfi á þeim tímum til að hlúa að barninu eða fjölskyldunni en þörfin væri sannarlega til staðar.

Hildur Eir Bolladóttir, prestur
Sólveig Halla Kristjánsdóttir, prestur
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Helga Dögg Aðalsteinsdóttir
Óli Halldórsson